

Fréttabréf ÍRA



2. ÁRGANGUR.


2. TÖLUBLAÐ
FEBRÚAR 1980.

Tölfræði þarf ekki endilega að vera til einkaafnota fyrir stjórná-
menn og hagfræðinga. Fræðunum má beita á hin ólíklegustu vandamál þar
sem tölur eða jafngildi þeirra koma við sögu.

Fyrir allnokkru vaknaði með mér áhugi til að kanna eftirfarandi;

- i) Hvernig hefur fjöldi amatöra (skráðra leyfishafa) hérlendis breytt
með árunum?
- ii) Er nokkur leið að „spá“ fjölda amatöra eftir svo og svo mörg ár, ef
„þróunin“ verður tiltölulega óbreytt á næstunni?
- iii) Hvernig verður þróunin hér borið saman við önnur lönd?


(frh...)




Til þess að kanna þessi atriði var nauðsynlegt að hafa dagsetningar allra leyfa til radióamatöra fram að þessum tíma. Frá því er skemmst að segja að Ólafur Arason hjá Radióeftirlitinu gekkst í að taka saman slíka skrá fyrir mig og byggji ég á þeim upplýsingum. Á meðfylgjandi mynd er fjöldi útgefna leyfa til einstaklingsstöðva táknaður með krossum. Nú hefur sýnt sig að margs konar fjölgun í náttúrunni má lýsa með expónetíalfalli, þ.e. $N(t)=bt^a$ þar sem a og b eru einkennandi fastar. Því tók ég náttúrulegan lógaritma af fjöldanum á hverju ári og athugaði hvort útkoman samsvaraði línulegu sambandi, sem það og gerði mætavel. Fyrir þá sem hafa áhuga eru stuðlarnir a og b sem þannig fundust gefnir upp á myndinni.

Svo að stiklað sé á stóru, sýnir punktaferillinn líklegan fjölda amatöra á næstunni, svo fremi að aðstæður allar haldist tiltölulega óbreyttar. Þannig má búast við að leyfisbref til einstaklingastöðva verði orðin um 200 í árslok 1986 (eru nú um 111). Myndin hér að framan svarar því bæði spurningum i) og ii). Til þess að geta svarað spurningu iii) þyrfti ég að hafa einhverjar upplýsingar um fjölgun amatöra annars staðar að undanförmu, en þær hef ég ekki handbærar. Slíkar upplýsingar væru vel þegnar og ennfremur innlegg annarra í þessar vangaveltur um nánustu framtíð.

73 de TF3KX.



Undirritaðan langar til að ræða nokkur atriði í sambandi við hugmynd TF3OM um 80 m innanlandsnet. Hugmyndin finnst mér góð. Viðtækið þarf í sjálfu sér ekki að vera svo margbrotið, en nokkur vandi er á höndum með “squelchið”. AGC drifið “squelch” mundi ekki nýtast, þegar skilyrðin eru góð til útlanda. E.t.v. mætti útbúa tón- eða lyklunarvakið “squelch”. Þá þarf tíðninákvæmni að vera góð. Fyrir nokkrum árum, ætluðu menn að gera 3710 kHz að kristalstyrðri innanlandstíðni, en erfiðlega gekk að fá alla á nákvæmlega sömu tíðni, eða nægilega nálægt í tíðni til að vera ekki óþægilegt í SSB móttöku. Í sambandi við þessa hugmynd vaknar spurningin hvort gert er ráð fyrir SSB, DSB, CW og/eða e.t.v. RTTY? Virkni manna á 80 m um þessar mundir virðist það lítil, að vart er hægt að reikna með að ná sambandi við bæinn, ef farið er í ferðalag, nema að vera búinn að biðja einhvern að hlusta. Ef gert væri ráð fyrir flestum tegundum útgeislunar á sömu tíðninni,



gæti það aukið líkurnar á að hitta einhvern. Það hefur verið rætt um það meðal RTTY áhugamanna að koma á fót einhverri “lókal” tíðni. Sumir afmótarar fyrir RTTY geta greint RTTY merki frá öðrum merkjum eins og t.d. SSB eða CW. E.t.v. mætti nota svipaða aðferð við lyklað “squelch” með því, að senda t.d. RYRYRY..., sem er nánast kassabylgja og vekja þar með RTTY netið í leiðinni, ef það væri á sömu tíðni. Loks langar mig, að vekja athygli á hugmynd., sem var sett fram í CQ TF árið 1975 og væri íhugunar verð í tengslum við að koma upp 80 m neti. Hversvegna ekki koma upp endurvarpsstöð, sem tengir 80 metrana og 2 metrana? Það má benda á ýmsa kosti þess. Það getur aukið langdrægni 2 metranna verulega, það gerir amatörum, sem hafa annaðhvort 2m eða 80m tæki, en ekki hvortveggja kleift að hafa samband innbyrðis. Meðfylgjandi mynd. sýnir kassamynd af stöð sem þessari. Tæknilega yrði ekki um tíðnisíunar-vandamál að ræða, eins og í 2m/2m endurvarpsstöðvum. Þetta er í raun-inni aðeins tvö sendiviðtæki, annað fyrir 2m og hitt fyrir 80m, tengd saman á hljóðtíðni. “Squelch” vandamálið er það sama og rætt var hér að ofan, nema kröfurnar yrðu enn meiri. P&s hefur ekki enn tekist að byggja dreifikerfi fyrir VHF/UHF sjónvarp/útvarp, sem nær til allra landsmanna, og hafa þeir þó nokkuð meira fé á milli handanna en Í.R.A. Það er lítil von til að okkur tækist að koma upp þannig kerfi endurvarpsstöðva á 2m, sem nota mætti hvar, sem er á ferðalögum. 2m/80m endurvarpsstöð gæti opnað ýmsa möguleika, sem annars væru lokaðir.

73 d.e TF3KB

Aðalfundur Í.R.A. 1980 verður haldinn í félagsheimili Í.R.A. að Dugguvogi 1B, Reykjavík, kl. 14-00 sunnudaginn 3. febrúar 1980. Dagskrá skv. félagssamþykktum.

-Stjórn Í.R.A.

DX Fréttir.....

Skilyrði í janúar hafa verið mjög góð á öllum böndum, 80 - 10m. Einkum er eftirtektarvert hvað skilyrðin á 40m og 80m hafa verið góð.

Eftirtaldar stöðvar eru fengnar úr log Haralds, TF3NA:

80m SSB: JX9WT. 40m SSB: FK8CR.

20m CW: HH2MC, TA1NAG, 5Z4YV, J6LOO, J3AJ.

20m SSB: HM5PX, 8Z4A, JX9WT, JW8FG, 3D6BW, 6Y/8FZ, 9G1JX.

15m CW: ZD8TC. 15m SSB: VP2SAX, ZS3BT, TZ4QSA.

10m SSB: C6ACY.

Gaman væri að fá svipaðan útdrátt frá fleiri amatörum, þar sem tekið væri fram: Tíðni, teg. sendingar (SSB, CW, o.s.frv.) og GMT.

BY2F-Kína.....Heyrzt hefur á böndunum að ZL1ADI og ZL1AMO hafi fengið leyfi í Kína og byrjar DX-peditiönin 1. feb. nk. og stendur yfir í um 2 vikur. QSL via ZL1ADI.

VE3BVD/ST2 Súdan..... Hefur heyrzt á 10-40m á CW og SSB. Á CW virðist hann halda sig á fyrstu 50kHz bandsins og hlustar oftast 2-3kHz upp. QSL via VE3FRA.

PP0MAG -Trinidad..... Verður DX-peditiön í feb. um óákveðinn tíma. Op; PY1MAG.

--73de TF3YH--

DXCC-STADAN:

TF3CW	204	TF3DC/		TF3KX	40
TF3YH	201	TF5DC	132	TF3033	30
TF3SG	160	TF3AC	105	TF3SO	10
TF3JB	148	TF3HN	62	TF3KCN	2
TF3BB	140	TF3UA	56	TF3AMN	1
TF3035	119	TF3BS	48	TF5AKU	1
TF3US	119	TF3GCN	44	TF3LJ	41

-CQ TEST - CQ TEST - CQ TEST.....

Hér fer nú af stað sérstakur Contest (Keppnis) dálkur, sem verður mánaðarlega í fréttabréfinu. Verður getið helstu Stór-Contesta, bæði birtar reglur og svo helztu úrslit jafnóðum og þau berast. Ná nálgast ARRL-Keppnin óðfluga. CW hlutinn er 16-17 Feb. 1980, og byrjar kl. 0000 GMT á Laugardag og endar kl. 2400 á Sunnudag. SSB hlutinn er svo: 1-2 Marz, 1980. Reglum hefur verið gjör-breytt frá síðasta ári. Nú eru DX-DX sambönd leyfð, og einnig þátttaka á einu (1) bandi, aðeins. Einnig er sérstakur QRP flokkur fyrir 10W inn eða minna.

1). Contest "skipti" DX stöðvar: Gefa skal RS(T) og afl(þriggja stafa tölu er segir til um inngangs afl. W/VE gefa RS(T) og fylki/sýsla.

2). QSO punktar DX stöðvar fá þrjá (3) punkta fyrir hvert W/VE samband, og tvo (2) punkta fyrir hvert DX samband.

3). Margfaldarar Fjöldi DXCC landa sem haft er samband við á hverju bandi.

4). Útkoma Margfaldið QSO punkta með heildarfjölda margfaldara á hverju bandi. Dæmi: 4U1ITU hefur 500 W/VE QSO (1500 QSO punkta) og 300 DX QSO (600 QSO punkta) sem gefur í heild 2100 punkta. Á 14 MHz hefur hann 70 lönd og á 21 HHZ hefur hann 60 DXCC lönd. Lokaútkoma: 2100 X 130 : 273,000 punktar.

5). Radíódagbækur sendist til ARRL DX Contest, 225 Main St. Newington, Conn. 06111, U.S.A.

Frekari upplýsingar : TF3CW

GL og 73 de TF3CW

TÍZKUEVZLUN
Lægisveggi 37 og 89
sími 12861 Reykjavík





Margföldun vinnings- upphæða

Heildarupphæð vinnings í HÍ 80 er yfir **6 MILLJARDAR**. Hæstu mánaðarvinnings eru **5 milljónir** króna. 500 þúsund króna vinningar eru tillega tvöfalt fleiri en áður og 100 þúsund króna vinningar meira en þrefalt fleiri.

Þú getur fimmfaldað vinningsupphæð þína með trompmíða. Ef hæsti mánaðarvinningur fellur á númerið þitt, færð þú greiddar

5 × 5 MILLJÓNIR = 25 MILLJÓNIR ef þú átt trompmíða.

Ef þú átt 4 míða með sama númeri og trompmíða að auki, verður upphæðin 45 milljónir:

9 × 5 MILLJÓNIR = 45 MILLJÓNIR

Sama margföldun gildir um allar aðrar vinningsupphæðir.

Þetta eru beinharðar staðreyndir um beinharða peninga.

Hefur þú efni á að sitja hjá?

Vinningskrá 1980:

9 @	5 000 000	45 000 000
18 —	2 000 000	36 000 000
198 —	1 000 000	198 000 000
1063 —	500 000	526 500 000
12 852 —	100 000	1 285 200 000
120 420 —	35 000	4 214 700 000
450 aukav.	100 000	45 000 000
135 000		6 350 400 000



HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
Mennt er máttur

Sefur þú á peningum?

Það er óvarlegt að geyma fé eða fjármuni í misjafnlega traustum geymslum, — hvort sem er á vinnustað eða undir koddanum. Í Landsbankanum eru peningarnir þínir varðveittir á öruggan hátt. Sparifjáreign hjá Landsbankanum tryggir þér handbært fé, ef óvænt útgjöld ber að höndum.



LANDSBANKINN
Banki allra landsmanna

Úf tegund af „VHF-Converter“ fyrir
144 MHz og Sjóvarp, n°n 2-4 og 9-12.

Þikið úrval af málitækjum og tengi-
brettum frá C.S.C.

HRINGDU - KOMDU - SKOÐAÐU

-PÓSTUNARVERELISTI-



Fékkst þú þér TROPICANA í morgun? -Sólargeislinn frá FLORIDA-

ÞJÓLFRITUNARSTOFA DANIELS HALLDÓRSSONAR hefur fjölritað FRÉTTA-
bréfið á vildarkjöfum og á þakkir skildir fyrir, ásamt auglýsendum
og úrum stuðningsáílum.

FRÉTTABREP I.S.A.

Útg.: Íslenskir raðifanatórar.

-Póstfang: Pósthólf 1058, 121 Rvk.

-Absetur: Dagguvogur 1, Rvk.

Ritstj. & Ábn.: Kristinn Andersen (TFXX), Sólvallag, 99, B.

Efni sendist til: TFXX, pósthólf 1058, 121 Rvk.

-Í síðasta lagi 20. hvers mánaðar
fyrir næstu dögðu.
